

Ed.

920. Lög.

um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

(Afgreidd frá Ed. 10. september).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknar-

stofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana, að flytja frá útlöndum vínanda og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Lyfsölum skal og heimilt, að flytja til landsins vínanda og annað áfengi, sem lyfjaskrá heimilar, svo og smáskamtalyf með vínanda í. Smáskamtalæknum er heimilt að fá í innlendum lyfjabúðum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal próföstum þjóðkirkjuþnunar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt, að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sje til altarisgöngu, þó í því sje meira af vínanda en $2\frac{1}{4}\%$ að rúmmáli.

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal Stjórnarráðið löggilda til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, þessa áfengisvökva: Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín og Cognac.

2. gr.

Í 4. gr. nefndra aðflutningsbannlaga aftan við orðin: »þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar«, bætist inn í:
ef það er unt.

3. gr.

Ekkert íslenskt skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema um það áfengi sje að ræða, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa.

Stjórnarráðið getur veitt fólksflutningaskipum, sem hafa rúm fyrir 25 farþega eða fleiri og eru í siglingum milli landa, undanþágu frá þessu ákvæði, og gilda þá um þau skip ákvæði þessarar greinar um erlend skip.

Nú kemur erlent skip frá útlöndum, og er þá skipstjóra skylt að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsgli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sje skotið undan innsigli og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa til næstu hafnar hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglian í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

4. gr.

Skyt er hverjum manni, sem hitst hefir ölvaðnr, að gera fyrir dómara grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum 20—500 krónum.

5. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í 11. gr. nefndra laga, innan 12 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. oftgreindra laga frá 1909.

Stjórnarráðið sjer um, að í hverri sveit og kaupstað sjeu til eyðublöð undir framtal vínbirgða, til þess að birgðirnar verði sundurliðaðar greinilega.

Heimilt er lögreglustjóra að skoða eða láta umboðsmann sinn skoða vínbirgðirnar.

Lögreglustjóri skal, hver í sínu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 8 vikum áður en umgetinn frestur er liðinn.

6. gr.

Brot gegn 3. gr. laga þessara varða sektum sem brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannlaga. Áfengi, er íslensk skip flytja til landsins, að fráteknu því áfengi, er fara á til umsjónarmanns áfengiskaupa, skal upptækt og er eign lands-sjóðs.

7. gr.

2. og 5. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909, eru úr gildi feldar.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og annast Stjórnarráðið um að þau sjeu kunnger öllum lögreglustjórum landsins jafnskjótt.